



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Hornafjarðarbær
Helgi Már Pálsson
780 Hornafirði

Reykjavík, 8. september 2006

Tilvísun: UST20060800005/óaj

Deiliskipulagstillaga í Fjánhúsavík, Höfn í Hornafirði

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 27. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulagstillögu að nýju athafnasvæði við Fjánhúsavík, norðan þéttbýlisins á Höfn, Hornafirði.

Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er um að ræða 2,1 ha svæði þar sem strandlína afmarkar það til austurs annars vegar og veituskurður til vesturs hins vegar. Á reitinum eru skipulagðar 6 lóðir af mismunandi stærð. Svæðið var áður notað fyrir sorpbrennslu og sorpurðun fyrir þéttbýlið á Höfn. Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu að svæðinu og að austan lóðanna verði byggð mön til að skýla svæðinu gegn sjónmengun frá bæjum norðan við svæðið. Gert er ráð fyrir að fráveita verði með þeim hætti að fleiri en ein lóð geti verið saman um eina rotþró allt eftir eðli og magni hverju sinni.

Svæðið sem um ræðir er að hluta til á náttúruminjaskrá, nr. 629, Skarðsfjörður en í skránni segir um svæðið:

Skarðsfjörður, Hornafjarðarbæ (áður Nesjahn. og Höfn), A-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.

Umhverfisstofnun bendir á að í Skarðsfirði eru lífauðugar leirur og ríkulegt fuglalíf sem ber ekki að skerða með framkvæmdum eða afleiddum áhrifum þeirra. Að mati Umhverfisstofnunar skal hreinsa skólþ frá iðnaðarsvæðinu með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa þar sem viðtakinn (þ.e. svæðið sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir) nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Stofnunin telur einnig nauðsynlegt að rotþrær verði staðsettar eins fjærri fjörunni og hægt er. Kröfur um rotþrær og siturlagnir er að finna í byggingarreglugerð nr. 441/1998 og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Fyrirhugað deiliskipulagssvæði var áður notað fyrir sorpbrennslu og sorpurðun, eða til ársins 1992 og er að líkindum töluvert mengað. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er vitað með vissu hvers konar úrgangi hefur verið fargað á umræddu sorpurðunarsvæði. Áður en farið verður í framkvæmdir vegna uppbyggingar á iðnaðarsvæðinu er því nauðsynlegt að sýna fram á eftirfarandi þætti:


- Hvort að í jarðveginum sé um að ræða spilliefni samkvæmt reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni sem og reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni skal flytja spilliefni til söfnunar- og móttökustöðva sem hafa fengið starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni. Viðkomandi sveitarstjórnir bera ábyrgð á því að spilliefnum sem þær taka á móti sé komið í endurnýtingu eða þeim fargað í samræmi við reglur þar að lútandi.
- Hvort að metangas fyrirfinnst í jarðveginum og til hvaða aðgerða verði brugðist ef metangas finnst, en metangas getur myndast vegna rotnunar lífrænna efna við súrefnissnauðar aðstæður eins og t.d. á ruslahaugum.
- Stöðugleika jarðvegs.
- Að framangreindum jarðvegi verði fargað á viðeigandi hátt samkvæmt reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- Að gengið verði úr skugga um að ekki hafi verið grafið sjálfdaud dýr eða dýr sam hefur verið lógað vegna gruns um bráðasmit. Bent er á að vitneskju er um að miltisbrand hafi komið upp á tveimur bæjum á svæðinu. Ef grunur leikir á um að smithættu á svæðinu sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar ber að gera héraðsdýralækni eða lækni viðvart og stöðva framkvæmdum undireins.
- Að mati Umhverfisstofnunar þarf að sýna fram á lausnir á framangreindum þáttum áður deiliskipulag er samþykkt.


Fyrirhugað deiliskipulagssvæði er skipulagt niður að bakka Fjánhúsavíkur en byggingareitir eru í um 40 m fjarlægð frá sjávarbakkanum. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er óheimilt að hindra umferð gangandi manna um sjávarbakka.

Umhverfisstofnun bendir á að í vettvangsferð starfsmanns stofnunarinnar kom fram að líklega eru að finna fleiri rústir í norðvesturjaðri skipulagssvæðisins en þeirri einni sem um er sýnd í deiliskipulagsskipulagsupprætti. Að sögn Björns Amarsonar safnvarðar Byggðasafns Austur-Skaftafellssýslu hefur hluti af gamalli rúst, sem staðsett er milli væntanlegs athafnasvæðis og námu sem merkt er inn á deiliskipulagið, verið grafinn burt. Ekki eru til neinar heimildir um rústina.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að samþykkja deiliskipulagið fyrr en kannað hefur verið til fulls hvort að á svæðinu er að finna mengaðan/smitaðan jarðveg og hvernig brugðist skuli við ef eða þegar hann finnst.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Forstöðumaður